



Dags. \_\_\_\_\_  
Staðfesting móttöku

### Umsókn um leiguhúsnæði

- Hjá Akureyrarbæ
- Hjá Brynju - Hússjóði Öryrkjabandalags Íslands (öryrkjar)
- Hjá Hússjóði Landssamtaka Þroskahjálp (öryrkjar)

<b>Nafn</b>	<b>Kennitala</b>
<b>Lögheimili</b>	<b>Netfang*</b>
<b>Aðsetur (ef annað en lögheimili)</b>	<b>Sími</b>
<b>Nafn maka/sambýlings</b>	<b>Kennitala maka/sambýlings</b>

\*Með ritun netfangs í þennan reit hefur umsækjandi óskað eftir rafrænni miðlun upplýsinga. Vél og hugbúnaður umsækjanda verður að geta opnað textaskrár.

#### Sótt er um:

- Almennt félagslegt leiguhúsnæði\*
- Sérþækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk
- Áfangahæimili

<b>Staða umsækjanda</b>	<b>Staða maka/sambýlings</b>
<input type="radio"/> Í atvinnu	<input type="radio"/> Í atvinnu
<input type="radio"/> Atvinnuleitandi	<input type="radio"/> Atvinnuleitandi
<input type="radio"/> Öryrki	<input type="radio"/> Öryrki
<input type="radio"/> Nemi	<input type="radio"/> Nemi
<input type="radio"/> Heimavinnandi	<input type="radio"/> Heimavinnandi
<input type="radio"/> Fæðingarorlof	<input type="radio"/> Fæðingarorlof
<input type="radio"/> Annað, hvað:	<input type="radio"/> Annað, hvað:

#### Börn og aðrir með lögheimili hjá umsækjanda

<b>Nafn</b>	<b>Kennitala</b>



**AKUREYRARBÆR**  
Fjölskyldusvið

**Börn sem umsækjandi hefur umgengni með í 60 daga eða fleiri á ári\*\***

Nafn	Kennitala

**Núverandi húsnæðisaðstaða, s.s. ástand húsnæðis og stærð, leiguhúsnæði eða eign**


**Óskir umsækjanda um húsnæði**

<input type="radio"/> 2ja herbergja	<input type="radio"/> 3ja herbergja	<input type="radio"/> 4ra herbergja	<input type="radio"/> 5 herbergja
-------------------------------------	-------------------------------------	-------------------------------------	-----------------------------------

**Félagslegar aðstæður, s.s. fjölskylduaðstæður, vinnugeta, fötlun, heilsufar o.þ.h.**


**Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri, s.s. aðgengi fyrir fólk með skerta hreyfigetu**


\_\_\_\_\_  
Staður/dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirskrift

**Fjölskyldusvið**



## Fylgigögn með umsókn um leiguhúsnæði

*Nauðsynlegt er að skila inn eftirfarandi gögnum svo hægt sé að vinna umsóknina:*

\* Þegar sótt er um almennt félagslegt leiguhúsnæði þarf að skila inn síðasta skattframtali, staðfestu af ríkisskattstjóra, fyrir umsækjanda og þá sem með honum búa og hafa náð 20 ára aldri.

\*\* Þegar sótt er um að barn, sem foreldri er með í umgengni í að lágmarki 60 daga á ári, teljist til heimilismanns þarf að leggja fram staðfestan umgengnissamning frá sýslumanni, sbr. 5. gr. 46. gr. barnalaga nr. 76/2003 eða úrskurð sýslumanns um umgengni skv. 47. eða 47. gr. a. sömu laga, dómi eða dómsátt, sem sýnir fram á að umgengni sé að lágmarki í 60 daga á ári. Þegar barn telst til heimilismanns þýðir það að tekjumörk reiknast samkvæmt því og umsækjandi getur óskað eftir viðeigandi stærð íbúðar miðað við fjölda heimilismanna.

### Upplýst samþykki fyrir öflun nauðsynlegra upplýsinga og gagna

Með undirritun veitir umsækjandi/heimilismaður Akureyrarbæ, kt. 410169-6229, heimild til að afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að framfylgja lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um félagslegt leiguhúsnæði Akureyrarbæjar frá 8. maí 2019, til að taka ákvörðun um hvort réttur til úthlutunar leiguhúsnæðis sé til staðar í ljósi núverandi aðstæðna.

Við vinnslu umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði hefur Akureyrarbær heimild til að afla upplýsinga frá skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, leigusölum íbúðarhúsnæðis, greiningarstöðvum, félagsþjónustu, heilbrigðisstofnunum og öðrum þeim fyrirtækjum og stofnunum sem gætu nýst við að varpa ljósi á stöðu umsækjanda. Einnig veitir samþykkið Akureyrarbæ heimild til að afla upplýsinga frá umsækjanda sjálfum um fjárhagslegar aðstæður, húsnæðisaðstæður, fjölskyldustærð, atvinnustöðu, heilsufar og félagslegar aðstæður. Upplýsingarnar eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja fullnægjandi mat á umsókn í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði Akureyrarbæjar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á. Umsækjandi/heimilismaður samþykkir að ofangreindar upplýsingar verði sóttar og vistaðar í gagnagrunn Akureyrarbæjar í tengslum við ákvörðunartöku um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis, sem og við eftirlit í tengslum við afgreiðslu umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði hjá Akureyrarbæ. Umsækjandi vottar hér með að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn/vinnslu máls séu réttar.

Persónulegar upplýsingar verða ekki sendar annað, til að mynda til þriðja ríkis eða annarrar stofnunar/fyrirtækis, án leyfis umsækjanda og eru varðveittar sem trúnaðarmál.

Með samþykki þessu er Akureyrarbæ heimilt á hverjum tíma að sækja upplýsingar sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði, sem og uppfærslu annarra upplýsinga sem samþykkið nær til, á meðan hið upplýsta samþykki er í gildi. Unnt er að afturkalla upplýst samþykki hvenær sem er og tekur afturköllunin gildi þegar Akureyrarbær hefur mótttekið afturköllunina með sannanlegum hætti. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni.

Umsækjandi skuldbindur sig til að láta vita um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á vinnslu og meðferð umsóknar.

Ábyrgðaraðili vinnslu upplýsinga þeirra sem samþykki þetta tekur til er Akureyrarbær.

Framangreint samþykki um öflun upplýsinga er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.

---

Staður/dagsetning

---

Undirskrift

Fjölskyldusvið



## **Upplýsingagjöf og fræðsla vegna umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði hjá Akureyrarbæ**

Umsækjandi er hér með upplýstur um það að Akureyrarbær er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga þeirra sem umsókn hans og fylgiskjöl taka til. Fyrirspurnum, athugasemdum eða kröfum er varða vinnslu upplýsinganna er unnt að beina til fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar. Erindi varðandi vinnslu persónuupplýsinga er jafnframt unnt að senda á persónuverndarfulltrúa og bæjarlögmann Akureyrarbæjar, Ingu Þöll Þórgnýsdóttur, á [inga@akureyri.is](mailto:inga@akureyri.is).

Við vinnslu umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði hefur Akureyrarbær heimild til að afla upplýsinga frá skattfyrirvöldum, Þjóðskrá Íslands, leigusölum íbúðarhúsnæðis, greiningarstöðvum, félagsþjónustu, heilbrigðisstofnunum og öðrum þeim fyrirtækjum og stofnunum sem gætu nýst við að varpa ljósi á stöðu umsækjanda. Einnig veitir samþykkið Akureyrarbæ heimild til að afla upplýsinga frá umsækjanda sjálfum um fjárhagslegar aðstæður, húsnæðisaðstæður, fjölskyldustærð, atvinnustöðu, heilsufar og félagslegar aðstæður. Upplýsingarnar eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja fullnægjandi mat á umsókn í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði Akureyrarbæjar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á. Tilgangur hinnar fyrirhuguðu vinnslu persónuupplýsinga er afgreiðsla á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði af hálfu umsækjanda/heimilismanns og önnur nauðsynleg vinnsla á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 52/2016 og reglna um félagslegt leiguhúsnæði Akureyrarbæjar. Viðtakendur upplýsinganna eru starfsmenn Akureyrarbæjar sem fara með afgreiðslu umsókna um félagslegt leiguhúsnæði eða ákvörðunarvald er varðar umsókina. Vinnsla persónuupplýsinga á sér lagastof í 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eftir atvikum 1. tl. sömu greinar. Jafnframt ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þá byggir vinnslan á 2. tl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga og eftir atvikum 1. tl. sömu greinar. Varðveislu upplýsinganna er háttáð í samræmi við lög nr. 77/2014 um meðferð opinberra skjalasafna sem taka til allra skjala og gagna í vörslu Akureyrarbæjar sem telst afhendingarskyldur aðili í skilningi laganna. Umsækjandi/heimilismaður á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða hann sjálfan leiðréttar og láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar. Slíkt er gert með því að leggja fram yfirlýsingu. Athugið þó að réttur til eyðingar á gögnum gildir ekki um vinnslu sem varðar umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði hjá Akureyrarbæ þar sem það er lögbundið skylduverkefni bæjarins og vinnsla persónuupplýsinga er talin nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu, svo Akureyrarbær geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart einstaklingi í þeim tilgangi að hann geti nýtt sér félagslega vernd og önnur lögbundin réttindi.

Umsækjandi/heimilismaður á rétt á að krefjast takmörkunar á vinnslu persónuupplýsinga. Í ákveðnum tilvikum er hægt að krefjast þess að Akureyrarbær takmarki vinnslu á persónuupplýsingum. Þetta getur átt við ef skráður aðili véfengir að persónuupplýsingar séu réttar, en þá þarf að fá staðfestingu á umræddum upplýsingum eða ef vinnslan er umfram lagaheimildir og skráður aðili fer fram á takmarkaða notkun þeirra. Þegar vinnslan hefur verið takmörkuð skal einungis vinna slíkar persónuupplýsingar, að varðveislu undanskilinni, með samþykki skráðs aðila. Akureyrarbær skal tilkynna skráðum einstaklingi sem fengið hefur fram takmörkun á vinnslu um það áður en takmörkuninni á vinnslunni er aflétt. Umsækjandi/heimilismaður á rétt á að andmæla vinnslu. Eigi skráður aðili rétt til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga er varða hann sjálfan skal ekki vinna persónuupplýsingar frekar nema að sýna fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga frammar hagsmunum, réttindum og frelsi hins skráða. Sama gæti átt við ef þarf að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfu. Eigi skráður aðili rétt til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga er varða hann sjálfan skal ekki vinna persónuupplýsingar frekar nema að sýna fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga frammar hagsmunum, réttindum og frelsi hins skráða. Sama gæti átt við ef þarf að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfu. Loks kann umsækjandi/heimilismaður að eiga rétt til að flytja eigin gögn.



**AKUREYRARBÆR**

Fjölskyldusvið

Öflun persónuupplýsinga á grundvelli framkominnar umsóknar er krafa samkvæmt lögum og jafnframt forsenda þess að hægt sé að veita umbeðin réttindi. Að öðrum kosti er ekki unnt að afgreiða umsókn aðila.

Umsækjandi og/eða heimilismaður hefur rétt til þess að afturkalla með sannanlegum hætti samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna, að því leiti sem samþykkisgrundvöllur fyrir vinnslu á við. Afturköllun á samþykki fyrir vinnslunni hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar fram að afturköllun. Við vinnslu umsóknar þessarar fer ekki fram sjálfvirk ákvarðanatáka í skilningi laga um persónuvernd. Athugasemdum eða kvörtunum vegna vinnslu persónuupplýsinga er varðar umsókn þessa er unnt að beina til Persónuverndar, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík.

---

Staður/dagsetning

---

Undirskrift